

Hákon Jensson

# **Fornleifaskráning vegna lagningar rafmagnslína í jörð frá Sveinbjarnargerði í Svalbarðstrandarhreppi til Nollar í Grýtubakkahreppi.**



**Búnaðarsamband Eyjafjarðar  
Rannsóknarskýrslur 2020/2**



Forsíðumynd: Saurbrúargerði í Grýtubakkahreppi.



**BÚNAÐARSAMBAND  
EYJAFJARÐAR**

©Hákon Jensson  
Búnaðarsamband Eyjafjarðar,  
Akureyri 2020/2

## **EFNISYFIRLIT**

|                                    |    |
|------------------------------------|----|
| INNGANGUR.....                     | 1  |
| TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR..... | 1  |
| AÐFERÐIR.....                      | 3  |
| SVALBARÐSSTRANDARHREPPUR.....      | 3  |
| GRÝTUBAKKAHREPPUR.....             | 4  |
| SAMANTEKT.....                     | 22 |
| HEIMILDASKRÁ.....                  | 23 |

## 1. Inngangur

Skýrslu höfundur var beðinn að annast fornleifaskráningu fyrir Rarik vegna lagningu lágspennu og háspennu raflína í jörð og byggingu spennustöðva. Umrætt skráningarsvæði náði frá Sveinbjarnargerði í Svalbarðsstrandarhreppi til Nollar í Grýtubakkahreppi. Skráningin fór eftir uppmælingar gögnum sem Rarik útvegaði.

Skráning og úrvinnsla var í höndum Hákonar Jenssonar fornleifafræðings hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar. Vettvangsskráningin fór fram í fyrri hluta maí 2020. Skýrsluhöfundur vill þakka heimildarmönnum og landeigendum fyrir upplýsingar um fornleifar og staðarhætti og leyfi til þess að ganga um landið.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar Íslands: 2139.

## 2. Tilgangur fornleifaskráningar

Megin markmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.<sup>1</sup> Til þess að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir þá voru sett lög ákvæði að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt að sá kostnaður sem hlýst af við skráninguna skuli leggjast á þann sem ber ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslögin.<sup>2</sup>

Í lögum um menningarminjar frá árinu 2012 í I. kafla, 3. grein er ítarleg upptalning á menningarminjum en samkvæmt þeim eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skróðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

---

<sup>1</sup> Heimasíða Minjastofnunnar.

<sup>2</sup> Heimasíða Minjastofnunnar.

- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.”<sup>3</sup>

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. Kafla, 21. grein að: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.”<sup>4</sup>

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22 grein í þjóðminjalögunum en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.”<sup>5</sup>

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnst engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, grein 24 í þjóðminjalögunum að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”<sup>6</sup>

Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði skráningar. Þar af leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um

<sup>3</sup> Heimasíða Alþingis.

<sup>4</sup> Heimasíða Alþingis.

<sup>5</sup> Heimasíða Alþingis.

<sup>6</sup> Heimasíða Alþingis.

kröfur Minjastofnunar til fornleifaskráningar til þess að hún geti tekið byggt sínar stjórnsýsluákvarðanir á.<sup>7</sup>

### 3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunnar Íslands. Við undirbúningsvinnuna og úrvinnsluna var notast við ýmis konar heimildir og gögn, til dæmis loftmyndir frá Loftmyndum ehf. frá 1998 til 2010 á map.is, google earth, örnefnaskrár, örnefnasafn landmælinga, niðurbalsgögn frá Landmælingum Ísland og túnakort frá upphafi 20. aldar.

Í Svalbarðsstrandarhreppi hafði aðalskráning fornleifa þegar farið fram árið 2004 þar sem búið var að fara í gegnum ritheimildir og skrá fornleifar á vettvangi. Hins vegar í Grýtubakkahreppi hafði aðeins verið gefin út skýrsla með rituðum heimildum af menningarminjum í hreppnum. Var því farið mun ítarlega í skráningu á jörðunum í Grýtubakkahreppi. Varð að reyna að staðsetja þær fornleifar sem heimildir voru til um á korti, tala við heimildarmenn og gera ítarlega vettvangsskráningu.

Þar sem fornleifar hafa 15 m friðhelgunarsvæði þá var gengið úr skugga um að engar menningarminjar væru innan 15 metra frá framkvæmdasvæði í allar áttir.

Vettvangsvinnan fór svo fram í byrjun maí 2020 þar sem skýrsluhöfundur gekk um svæðið og þar sem minjastaðir fundust þá voru þeir hnitsettir (ÍSN93), upplýsingar skráðar um þá, þeir ljósmyndaðir og staðir mældir upp með trimble stöð. Kortin voru svo unnin í Microstation v8i forritinu með loftmynd undir frá Loftmyndum ehf. frá 2010.

Þrátt fyrir að hafi verið gengið skipulega til verksins þá verður að hafa það í huga að óþekktar fornleifar geta alltaf komið í ljós og verður þá að taka tillit til þess í framkvæmdunum.

### 4. Svalbarðsstrandarhreppur

Í Svalbarðsstrandarhreppi náðu fyrirhugaðar framkvæmdir yfir tvær nyrstu jarðirnar í hreppnum Sveinbjarnargerði og Garðsvík. Þar sem aðalskráning fornleifa hafði farið fram áður í hreppnum var kannað hvort einhverjar þekktar fornleifar væru innan 15 m friðhelgunarsvæðis frá rafmagnslögninni.

**Sveinbjarnargerði:** Í Sveinbjarnargerði reyndist enginn af þekktum menningarminjum nærri framkvæmdasvæðinu. Hluti af svæðinu er einnig innan marg endurræktaðs túns og því ekki miklar líkur á að einhverjar tóftar leifar væru þar.

**Garðsvík:** Í Garðsvík voru heimildir um tvær menningarminjar innan friðhelgunarsvæðisins og voru þær báðar nærri lágspennu línu heimtaugar í íbúðarhúsið.

---

<sup>7</sup> Heimasíða Minjastofnunnar.

**Fornleifanúmer:** 2139-01

Hnit: A542944.0 N587805.4ISN93

Hlutverk: Gerði

Tegund: Heimild

Heimild var til um tóttarbrot þar sem núverandi íbúðarhús var byggt 1975-1976.<sup>8</sup>

Skýrsluhöfundur ólst upp í Garðsvík og þar sem íbúðarhúsið var byggt með kjallara og grafið var niður á klöpp þá eru engar líkur á einhverjar leifar séu eftir það.

**Fornleifanúmer:** 2139-02

Hnit: A542953.5 N587805.4ISN93

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Í skýrslunni var líka minnst á heimild um tóttarbrot um 5 m austur af núverandi íbúðarhúsi.<sup>9</sup> Skýrsluhöfundur man ekki eftir neinum tóftum á þessum stað og var einungis grasflöt sem var sleginn reglulega. Farið var á staðinn til þess að kanna svæðið nánar og kom þá í ljós að lekið hafði inn í kjallarann á íbúðarhúsinu nokkrum árum áður og var þá grafið frá honum og því grasflötin farinn og djúpur skurður fyrir austan húsið og því engar líkur á að neitt sé eftir af tóftinni.

## 5. Grýtubakkahreppur

Í Grýtubakkahreppi náði lagning rafmagnslínunnar yfir 5 syðstu jarðirnar þar af eru þrjár syðstu komnar í eyði fyrir nokkru.

### Miðvík:

**Fornleifanúmer:** 2139-03

Hnit: A543472.4 N591254.8 ISN93

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Heimild

Ekki var vitað nákvæmlega hvar bærinn stóð á fyrri hluta 20 aldar og allar aðrar byggingar á bæjarstæðinu frá seinni tímum. Hins vegar eru leifar af byggingu með grjóthlöðnum vegg í hól norður af bænum og var hún er notuð sem viðmið sem ein af þeim útihúsar byggingum á túnakortinu. Þá kom í ljós að bæjarstæðið þá var nokkur veginn þar sem núverandi íbúðarhús og leifar af steyptri hlöðu standa nú.

Passar heimreiðin í dag þá einnig mjög vel við heimreiðina á túnakortinu sem samkvæmt heimildarmanni hefur alltaf verið sú sama.<sup>10</sup> Einnig lenda útlínur af túninu af túnakortinu teiknað á loftmynd á mjög svipuðum stað og leifar af gamla túngarðinum sem fannst við vettvangs athugun.

<sup>8</sup> Sædis Gunnarsdóttir. 2005, bls. 114.

<sup>9</sup> Sædis Gunnarsdóttir. 2005, bls. 114.

<sup>10</sup> Flosi Kristinsson, Munnleg heimild.



**Fornleifanúmer:** 2139-04

**Hnit:** A543526.6 N591257.0 ISN93

**Hlutverk:** Kvíar

**Tegund:** Heimild

Samkvæmt túnakorti þá var útihúsar bygging um 40 m austur af núverandi bæjarstæði. Staðsetning á útihúsinu er undir núverandi þjóðvegi. Passar það vel við Örnefna lýsingu þar sem kvíar voru sagðar skammt austur af bæ sem fóru svo undir veg.<sup>11</sup>

**Fornleifanúmer:** 2139-05 Hnit:

A543477.2 N591283.2 ISN93

**Hlutverk:** Smiðja

**Tegund:** Tóft

Á túnakortinu var útihúsar bygging skammt norðan við bæjarstæðið sem var notuð til að staðsetja bæjarstæðið á túnakortinu í Miðvík. Um 20 m norður af eldra íbúðarhúsi í Miðvík er tóft í suður enda hól.<sup>12</sup> Samkvæmt heimildarmanni þá var þetta kallað smiðja.<sup>13</sup> Mjög greinilegar grjóthleðslur sjást í norður enda á tóftinni en veggirnir til austurs og suðurs eru lægri og ekki jafn greinilegir. Stærð tóftarinnar var 6,5X6,5 m og hæð veggja frá 0,6-1,1 m.



Mynd 1. Leifar af smiðju mynd tekinn í norður.

<sup>11</sup> Miðvík, athugsemdir, Örnefnastofnun, bls. 1.

<sup>12</sup> Miðvík, Ari Gíslason skráði, bls. 2.

<sup>13</sup> Flosi Kristinsson, Munnleg heimild.



**Fornleifanúmer:** 2139-06 Hnit:

A543429.0 N591145.9 ISN93

Hlutverk: Sáðreitur

Tegund: Heimild

Samkvæmt túnakortinu var sáðreitur um 90 m í suð-vestur af yngra íbúðarhúsi. Ekki sáust nein ummerki um hann í miðju túni, hefur hann líklega verið sléttaður.

**Fornleifanúmer:** 2139-7

Hnit: A543486.2 N591308.5 ISN93

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Heimild/Vettvangskönnun

Norður við húsin á Miðvík er hóll sem örnefnaskrá ber ekki saman um nafn á. Í einni Örnefnaskránni er hóllinn sagður nafnlaus en það sé hið fegursta útsýni af honum en hólabarðið fram og vestur af bænum heiti Bæjarhóll.<sup>14</sup> Í annarri er sagt að suður af bæ sé hryggur en norður af bæ sé Bæjarhóllinn.<sup>15</sup>

Samkvæmt heimildarmanni þá hefur hann alltaf talið að hóllinn norður af bæ sé gamall bæjarhóll og hafi hann myndast af mannavöldum. Í gegnum tíðina við túnaræktun hafi grjót fundist frekar upp við hólinn en á svæðinu í kring.<sup>16</sup> Í suður enda hans er smiðjan og efst á honum eru ummerki um að einhvern tíma hafi staðið mannvirki þar en efsti hlutinn á honum er nokkuð sléttur. Einnig í norð-austur af smiðjunni má sjá litlar veggjahleðslur af einhverju mannvirki á hólum. Lengd hólsins var um 47 m og breidd 27 m.



Mynd 2. Norður af húsunum í Miðvík í túninu má sjá Bæjarhólinn, mynd tekinn í norð-austur.

<sup>14</sup> Miðvík, Grýtubakkahreppur, bls.2

<sup>15</sup> Miðvík, Ari Gíslason skráði, bls. 2.

<sup>16</sup> Flosi Kristinsson, Munnleg heimild.

**Fornleifanúmer:** 2139-08

Hnit: A543415.3 N591371.4 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Samkvæmt túnakortinu var útihúsar bygging um 120 norð-vestur af núverandi bæjarstæði í túnjaðrinum. Ekki sást til tóftar í túnjaðrinum líklega hefur hún verið sléttuð við túnaræktun.

**Fornleifanúmer:** 2139-09

Hnit: A543568.8 N591300.4 ISN93

Hlutverk: Grafreitir

Tegund: Heimild

Í lægð austan við Bæjarhólinn (útsýnishólinn) var grafreitir ekki lítill samkvæmt örnefnaskrá. Þar sáust garðhleðslur og eins austan við akveginn en þetta hvarf allt undir veg sem var lagður 1987. Tekið er fram að vegurinn hafi verið lagður ofan á án þess að raska neinu.<sup>17</sup>

**Fornleifanúmer:** 2139-10

Hnit: A543568.8 N591300.4 ISN93

Hlutverk: Bænhús

Tegund: Heimild

Í örnefnalýsingu er talað um að Bænhúshóll hafi verið syðst og austast í horni fornar girðingar sem hafi sést í lægð austur frá Bæjarhól (útsýnishól). Hafi þó í manna minni verið hesthúskofi þarna.<sup>18</sup> Samkvæmt heimildarmanni þá taldi hann að garðhleðslurnar í grafreitnum og bænhúshóllinn eða hluti af þeim verið þar sem aðkeyrsla er að plani þar sem heyrúllur eru geymdar.<sup>19</sup>

**Fornleifanúmer:** 2139-11

Hnit: 5A43568.3 N591281.0 ISN93

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Tóftir

Í austur frá þjóðveginum má sjá leifar af túngarðinum í Miðvík, er hann vel sýnilegur alveg frá Miðvíkurá og liggur hann suður um 110 m en svo virðist hann fjara út nokkuð áður en komið er að vegi sem lá upp að réttinni í Miðvík. Það er skarð í honum þar sem vegur hefur verið lagður í gegnum hann að plani þar sem heyrúllur eru geymdar. Annað skarð er þar sem hlið hefur verið og standa steyptir hliðstaurar þar sitt hvoru megin. Hæð garðsins var frá 0,3-1 m og breidd 1,3 m.

<sup>17</sup> Miðvík, Grýtubakkahreppur, bls.2

<sup>18</sup> Miðvík, Grýtubakkahreppur, bls.2

<sup>19</sup> Flosi Kristinsson, Munnleg heimild.



Mynd 3. Leifar af túngarðinum mynd tekinn í norður.

### **Ystavík:**

**Fornleifanúmer:** 2139-12

Hnit: A543313.0 N591963.9 ISN93

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Heimild

Af gamalli ljósmynd sem er til af bænum og samkvæmt túnakorti þá virðist bæjarstæðið á túnakortinu vera á mjög svipuðum stað þá og er í dag, hugsanlega örlítið lengra norð-vestur en núverandi bæjarstæði. Íbúðarhús var byggt 1932 með kjallara svo ekki eru miklar líkur að eitthvað sé eftir að gamla bænum.

**Fornleifanúmer:** 2139-13

Hnit: A543332.5 N591973.2 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Samkvæmt túnakortinu þá var útihús um 5 m suð-austur af fjóshorninu. Útihús voru byggð um miðja 20. öldina á sama stað á Yztu-Vík svo engar leifar sjást af eldri útihúsum.

**Fornleifanúmer:** 2139-14  
Hlutverk: Útihús  
Tegund: Heimild

Hnit: A543338.0 N591952.5 ISN93

Á túnakortinu er svo annað hús einnig nærri bænum um 18 m suð-austur af núverandi íbúðarhúsi, enginn ummerki sjást um það á staðnum.

**Fornleifanúmer:** 2139-15  
Hlutverk: Útihús  
Tegund: Heimild

Hnit: A543356.3 N591859.2 ISN93

Í kringum 100 m í suð-austur af núverandi íbúðarhúsi var einnig útihús samkvæmt túnakortinu er það staðsett í sléttuðu túni núna, enginn ummerki sjást um það.

**Fornleifanúmer:** 2139-16  
Hlutverk: Útihús  
Tegund: Heimild

Hnit: A543337.3 N591816.4 ISN93

Síðasta útihúsið á túnakortinu er staðsett á sama stað og núverandi fjárhús hlaða stendur í dag.

**Fornleifanúmer:** 2139-17  
Hlutverk: Sáðreitur  
Tegund: Heimild

Hnit: A543332.4 N591965.5 ISN93

Sáðreitur var staðsettur samkvæmt túnakorti um 5 m suð-austur af fjósbyggingu. Nú er þar malarplan og sjást enginn ummerki eftir sáðreit.

**Fornleifanúmer:** 2139-18  
Hlutverk: Sáðreitur  
Tegund: Heimild

Hnit: A543301.8 N591952.5 ISN93

Fast við vestur hlið um 2 m frá núverandi íbúðarhúsi var sáðreitur samkvæmt túnakortinu enginn ummerki er um hann á sléttaðri lóð.

**Fornleifanúmer:** 2139-19  
Hlutverk: Torfrista  
Tegund: Heimild

Hnit: A543416.8 N591991.2 ISN93

Í örnefnaskrá var minnst á að torfrista hafi verið í Dalnum og mýrinni rétt ofar bæjar.<sup>20</sup> Ekki sáust nein ummerki um það á staðnum.

---

<sup>20</sup> Yztavík, Örnefnastofnun, bls.3.



Minnst er á að varða hafi verið vestan gömlu reiðgötunnar milli Yztu-Víkur og Saurbrúargerðis á merkjum.<sup>21</sup> Varðan fannst ekki en leifar af reiðgötunni sést á loftmyndum. Einnig má sjá á túnakorti Yztu-Víkur hvar hún liggur frá hlaðinu og í átt að Saurbrúargerði. Í Saurbrúargerði sést hluti hennar nokkuð skýrt þar sem hún liggur niður brekkuna sunnan við bæjarstæðið og fer svo meðfram fjallinu suður.



Mynd 4. Reiðleið sem liggur fyrir ofan túnið á Saurbæjargerði, mynd tekinn í norður.

---

<sup>21</sup> Yztavík, Örnefnastofnun, bls.1.

Samkvæmt Sigríði Margréti Sigurðardóttir sem ólst upp í Yztu-Vík þá var vitneskja um að það hefði verið grafreitur á svæðinu til forna. Ekki hafa fundist neinar skriflegar heimildir um garðinn en bæði faðir hennar Sigurður og afi hennar Hólmgrímur hafa komið niður á mannabein og leifar úr kistum við ýmsar framkvæmdir í gengum tíðina. Við byggingu skemmunnar, súrheys turnsins og viðbygginguna við fjósið sem er nær súrheys turninum á mynd 5 hafa komið mannabein í ljós. Það eru góðar líkur á að þessi grafreitur hafi verið ansi stór og samkvæmt lýsingu þeirra sem fundu beinin þá virtust þau vera mjög gömul.



Mynd 5. Við framkvæmdir við þessara þriggja bygginga á myndinni hafa komið mannabein í ljós mynd tekinn í NA.



## Saurbrúargerði:

Í örnefnaskrá segir að Saurbrúargerði sé gamalt sel frá Yztuvík.<sup>22</sup> Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns þá er Saurbrúargerði byggt út úr Yztu-Vík og reiknaðist þriðjungur allrar jarðarinnar.<sup>23</sup> Jörðin fór í eyði árið 1939<sup>24</sup> fyrir tíma túnasléttunar og skurðgrafta og því töluvert meiri líkur á að finna óraskaðar menningarminjar þar en á hinum jörðunum sem rafmagnslínan liggur í gegnum.

**Fornleifanúmer:** 2139-22

Hnit: 543214.8 593386.6 ISN93

Hlutverk:

Tegund: Tóft

Fast upp við brekkuna þegar komið er frá Yztu-Vík stuttu áður en komið er niður í Saurbrúargerði um 100 m suður frá bæjarstæðinu er tóft. Hún er mjög sýnileg og vel varðveitt. Við útgang hennar eru steinhleðsla hlaðin í ferhyrning. Lengd tóftarinnar var um 9 m en erfiðara var að meta breidd hennar þar sem hún liggur fast upp við brekkuna og erfitt að vita hvar brekkan tekur við. Tóftin var því teiknuð upp til suðurs eftir gróðurfars breytingum á staðnum og þar sem hún var breiðust var hún um 10 m. Vegghæð var allt frá 0,5 – 1 m.



Mynd 6. Tóftin fast við brekkuna, bæjarstæði Saurbrúargerði sést með grænum gróðri í norður.

<sup>22</sup> Saurbrúargerði, athugasemdir, bls. 1.

<sup>23</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 11 bindi, bls. 20.

<sup>24</sup> Helgi, Jóhanna og Erlingur, MCMLXXXVI, bls. 95

**Fornleifanúmer:** 2139-23

Hnit: A543216.1 N593413.8 ISN93

Hlutverk:

Tegund: Tóft

Skammt frá fyrri rústinni í Saurbrúargerði eða um 20 m beint norður voru tóftir af annarri. Hún virðist vera töluvert eldri miðað við hve útflött hún var og sást ekki jafn auðveldlega í umhverfinu og sú fyrri. Hæð hennar var um 20-40 cm, lengd hennar 6 m og breidd um 3,4 m.



Mynd 7. Tóft af útihúsi rústinn sást ekki mjög vel í umhverfinu, mynd tekinn í austur.



**Hlutverk:**

**Tegund:** Tóft

Innan túns í Saurbrúargerði samkvæmt túnakorti þá var lítil tóft í um 35 m suður af bæjarstæðinu. Stendur hún á hól og er nokkuð greinileg í landslaginu vegna steinhleðsla. Hæð tóftarinnar var 20-40 cm, lengd 6 m og breidd 2,7 m.



Mynd 8. Rúst innan túns í Saurbrúargerði, mynd er tekinn í norð-austur.



**Hlutverk:** Gerði

**Tegund:** Tóft

Skammt norðan við bæjarhólinn eru leifar af gerði, klífur vegarslóði sem sést á mynd 9 garðinn í tvennt. Vestari hlutinn er um 24 m langur en austari 12 m langur. Gerðið er mjög áberandi á staðnum en hverfur í vestur þegar nálgast veginn. Hæð veggjanna er eittvað í kringum 60-70 cm og breidd 1,5 m.



Mynd 9. Gerði innan túns í Saurbrúargerði, bæjarstæðið sést þar sem rafmagnsstaurinn liggur.



Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Tóft

Bæjarstæði Saurbrúagerðis er skammt fyrir ofan veg um 40 m fyrir ofan þjóðveginn strax eftir beygjuna þegar komið er fram hjá Yztu-Víkur hólunum. Stærð bæjarhólsins virðist passa nokkuð vel við stærðina á túnakortinu en stærð hans á staðnum er um 24 m á lengd og 19 m á breidd. Erfitt er hins vegar að átta sig á hvernig byggingarnar tengjast innbirgðis. Í vestur kemur rúst sem líklega hefur verið íbúðarhúsið og virðist hún skiptast í þrjá misstóra hluta ekki var hægt að sjá innganga en hluti af rústinni er löskuð, en rafmagnsstaur liggur þétt við miðjan vesturvegginn á henni. Aðeins austar á bæjarhólnum virðast vera allavega fjórar byggingar sem liggja saman þó mjög mis sýnilegar. Allt frá því að vera vel hlaðnir steinveggir allt upp í 130 cm í að vera mjög ógreinilegir torfveggir um 20 cm. Hvort þetta endurspegli mismunandi aldur bygginga eða byggingarefnis skal ekki fullyrða um.

Þar sem hluti af norður svæðinu milli bygginga var nokkuð raskað þá var erfitt að átta sig hvort þessar byggingar í vestur hlutanum hafi tengst byggingunum á austur hlutanum á einhvern hátt eða staðið sér. Bæjarhóllinn er mjög greinilegur og vel grænn þó að það sé sinugróður allt í kring.



Mynd 10. Bæjarstæði Saurbrúagerðis mynd tekinn í norð-vestur, rafmagnsstaurinn var staðsettur fast við rústina

**Fornleifanúmer:** 2139-27

Hnit: A543217.4 N593502.5

ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Samkvæmt túnakortinu þá var útihús um 3 m vestur af miðju bæjarstæðinu. Ekki fundust tóftarleifar á sléttri flöt en þó fast við útihúsið þar sem rafmagnsstaurinn var eitthvað um steina og jarðrask hvort það hafi verið leifar af útihúsinu eða rask frá bænum eftir rafmagnsstaurinn er ekki vitað. Það er líka husganlegt að útihúsið hafi verið eitthvað vestar og hafi horfið með veglagningu. Aðrar byggingar sem teiknaðar voru á túnakortið fundust nokkurn veginn á þeim stöðum sem þær voru teiknaðar. Það er þó ekki fjallað sérstaklega um þær í þessari skýrslu þar sem þær eru langt frá framkvæmdasvæðinu.

### **Fagribær:**

Samkvæmt örnefnaskrá þá var gamli bærinn þar sem kartöfluskemma var byggð um 1960.<sup>25</sup> Engin mannvirki innan túnakortsins eru nærri framkvæmdasvæðinu. Ekki fundust heldur neinar ritaðar heimildir sem hægt var að tengja menningarminjar við eða innan framkvæmdasvæði Rarik.

**Nollur:** Ekki fundust miklar heimildir um menningarminjar á þeim stað sem lögnin er á Nollu. Stór hluti af framkvæmdasvæðinu eru ræktuð tún þar af leiðandi ekki miklar líkur að finna eitthvað þar

**Fornleifanúmer:** 2139-28

Hnit: A542190.8 N596429.3 ISN93

Hlutverk: Merkjagarður

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá er fjallað garðlag syðst á merkjum á móti Fagrabæ,<sup>26</sup> ekki sáust ummerki um það á staðnum, aðeins sást stór skurður á milli bæja.

---

<sup>25</sup> Fagribær, Örnefnastofnun, bls. 1.

<sup>26</sup> Nollur, Örnefnastofnun, bls. 1.





- Lágspennulína
- Háspennulína
- △ Spannistöð

|      |                                                                                |                      |                                                                                                                                                           |
|------|--------------------------------------------------------------------------------|----------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Nafn | Sveinbjarnargerði - Nollur<br>Svalbarðsstrandarhreppur<br>og Grýtubakkahreppur | Dags. 11.05:2020 hj  | Skýringar:                                                                                                                                                |
|      |                                                                                | Mælikv. 1:25000 í A4 | Framkvæmdasvæði Rariks vegna lagningar háspennu, lágspennu og spennustöðva frá Sveinbjarnargerði í Svalbarðsstrandarhreppi til Nollar í Grýtubakkahreppi. |



BÚGARÐUR

RÁÐGJAFARÞJÓNUSTA NORÐAUSTURLANDI


Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is

Unnið eftir mynd nr.e535,e545 og e555 frá Loftmyndir ehf. 2010










- Heimildir um fornleifar
- Fornleifar af túnakorti
- Fornleifar á vettvangi
- Háspennulína
- Lágspennulína
- Spennistöð

|                                                               |                   |                      |                                                                                        |                                                                                                                                                                                     |
|---------------------------------------------------------------|-------------------|----------------------|----------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| nafn:                                                         | YZTA-VÍK          | teikn. 17.05.2020 hj | Skýringar:                                                                             |  BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARÐAR<br>Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is |
|                                                               | GRÝTUBAKKAHREPPUR | mælikv. 1:2000 í A4  | Menningarminjar og heimildir um menningarminjar nærri framkvæmdasvæði Rarik í Yzta-Vík |                                                                                                                                                                                     |
| Unnið eftir mynd nr. e545 / gps mæl. frá Loftmyndir ehf. 2010 |                   |                      |                                                                                        |                                                                                                                                                                                     |





|       |                   |                      |                                                                                                                                                                                                                                                      |
|-------|-------------------|----------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| nafn: | SAURBRÚARGERÐI    | teikn. 14.05.2020 hj | Skýringar:                                                                                                                                                                                                                                           |
|       | GRÝTUBAKKAHREPPUR | mælikv. 1:2000 í A4  | Menningarmínjar og heimildir um menningarmínjar á framkvæmdasvæði Rarik í Saurbrúargerði.                                                                                                                                                            |
|       |                   |                      |  BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARÐAR<br>Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is<br>Unnið eftir mynd nr. e545 / GPS mæl. frá Loftmyndir ehf. 2010 |



## 6. Samantekt

Í þessari fornleifakönnun kom í ljós að eitthvað er um heimildir og einnig sýnilegar menningarminjar í eða nærri framkvæmdasvæði Rarik. Í Svalbarðsstrandarhreppi þá virðist ekki þörf á að gera neinar breytingar á framkvæmdum, nær engar líkur eru á að eitthvað sé eftir af þeim minjum sem voru innan við 15 m friðhelgunarsvæði fornleifanna í Garðsvík.

Í Grýtubakkahreppi er einhverja breytinga þörf. Í Miðvík eru heimildir um menningarminjar sem fóru undir þjóðveginn því alltaf einhver möguleiki að einhverjar leifar gætu verið í friðhelgunarsvæði vegagerðinnar sem rafmagnslínan verður lögð í. Það er þá einna helst grafreiturinn sem samkvæmt lýsingum var ekki lítill og vegurinn lagður yfir hluta hans. Einnig er mikilvægt að fara ekki yfir hólinn norðan við húsin í Miðvík því það við vettvangskönnun komu í ljós leifar af menningarminjum á honum. Einnig er minnst á það í örnefnaskrá og styður frásögn heimildarmanns að þetta sé líklega bæjarhóll. Það ætti að vera lítið mál að fara norður fyrir bæjarhólinn með rafmagnslínuna því bæði er pláss í túni eins hægt að fara út fyrir túnið eins og er eindreginn ósk landeiganda.

Í Yztu-Vík voru mikið af heimildum um fornleifum þó að þær hafi ekki verið sýnilegar á staðnum. Hins vegar þar sem bæði bær og fjós voru byggð á staðnum með kjallara og mikið rask hefur átt sér stað þarna í gegnum tíðina þá eru kannski ekki miklar líkur á að finna einhverjar leifar af þeim.

Töluvert var af sýnilegum minjum í Saurbrúargerði og líklega þarf að breyta legu rafmagnslínunnar eitthvað til þess að raska ekki eða fara of nærri fornleifunum á staðnum. Ekki er talið möguleiki á fara fyrir austan bæjarhólinn því við vettvangskönnun komu í ljós töluvert af tóftum. Þær voru þó ekki skráðar sérstaklega þar sem þær voru svo langt frá núverandi framkvæmdasvæði. Það er því talið betri kostur að færa rafmagnslínuna lengra vestur við bæjarhólinn. Það er til heimild af útihúsi af túnakortinu vestur fast vestur af bænum en engar leifar af því fundust á vettvangi þrátt fyrir ítarlega leit. Önnur mannvirki fundust á túnakortinu en voru langt fyrir utan legu rafmagnslínunnar.

Það er þó ágætt að hafa í huga að það er alltaf sá möguleiki fyrir hendi að fleiri minjar leynist undir yfirborðinu þegar framkvæmdir hefjast. Verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Akureyri, 19. maí 2020.

Hákon Jensson

## 7. Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1943). Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Grýtubakkahreppur. Ellefta. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag. [Reykjavík: Sögufélagið. Ljósprentuð útgáfa 1988.

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðað 16.02.2019.

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

Fornleifar í Grýtubakkahreppi, Svæðisskráning. Minjasafnið á Akureyri. Fornleifastofnun Íslands. 1996

Sædis Gunnarsdóttir: Fornleifar í Svalbarðsstrandarhreppi. (2005) Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Helgi Jónasson, Jóhanna Á. Steingrímsdóttir og Erlingur Arnórsson (ritnefnd). (MCMLXXXVI). Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985. Búnaðarsamband-Þingeyjarsýslu.

### Heimildarmenn:

Flosi Kristinsson 1929 Höfða

Guðmundur Björnsson 1965 Fagribær

Sigríður Margrét Sigurðardóttir 1973 Akureyri

### Túnakort:

Miðvík Grýtubakkahreppur. S.-Þingeyjarsýslu. Mælt og teiknað af Kristjáni Jónssyni Nesi

Saurbrúargerði. Grýtubakkahreppur. S.-Þingeyjarsýslu. Mælt og teiknað af Kristjáni Jónssyni Nesi

Yzta-Vík, Grýtubakkahreppur. S.-Þingeyjarsýslu. Mælt og teiknað af Kristjáni Jónssyni Nesi

### Örnefnaskrár:

Fagribær. Grýtubakkahreppur. Suður-Þingeyjarsýsla. Fagribær 1. Samlesið J.H. Örnefnastofnun.

Miðvík, Ari Gíslason skráði. Grýtubakkahreppur. S-Þingeyjarsýsla. Miðvík 1. Á. Örnefnastofnun.



Miðvík, Athugasemdir. Grýtubakkahreppur. Suður-Þingeyjarsýsla. Miðvík aths. og viðb.1. Örnefnastofnun.

Miðvík. Grýtubakkarhreppur. Suður-Þingeyjarsýsla. Miðvík 1. Samlesið A.E.J.

Nollur, Ari Gíslason skráði. Grýtubakkahreppur. Suður-Þingeyjarsýsla. Nollur 1. Samlesið A.E.J.

Saurbrúargerði, Athugasemdir. Grýtubakkahreppur. Suður-Þingeyjarsýsla. Saurbrúargerði 1 Aths. Örnefnastofnun.

Saurbrúargerði. Grýtubakkahreppur. Suður-Þingeyjarsýsla. Saurbrúargerði 1. Samlesið A.E.J. Örnefnastofnun.

Yztavík. Grýtubakkahreppur. Suður-Þingeyjarsýsla. Yztavík 1. Samlesið A.E.J. Örnefnastofnun.